

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Matthías Imsland	<b>Fundur nr. :</b>	<b>1</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	22.2.2023
	<b>Frá kl.:</b>	
	<b>Til kl.:</b>	
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2	<u>Reykjavík Bridgefestival</u> Þátttaka í mótinu var vonum framfar og framkvæmdin tókst almennt vel.
3	<u>Þjónustusamningur við ráðuneytið</u> Kominn er á nýr þjónustusamningur sem gildir út 2023.
4	<u>Norðurlandamót</u> Mótið verður haldið um mánaðamótin maí/júní. Ísland sendir tvö pör í kvennaflokki og þrjú pör í opnum flokki. Landsliðsfyrirliðar hafa valið liðin.
5	<u>Íslandsmót fram undan</u> Íslandsmót í tvímenningi verður haldið 3. og 4. mars næstkomandi. Rætt um að reyna að ýta undir skráningu með verðlaunum o.fl. Stefnt á að hafa ca. 80 spil. Íslandsmót kvenna í sveitakeppni verður haldið 18. og 19. mars. Íslandsmót í sveitakeppni, undanúrslit, verður haldið í húsnæði Fjölbautaskólans við Ármúla 31. mars til 2. apríl. Mótið verður styrkt af Kólus og mun kallast Þristamótið. Úrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni fara svo fram 20. apríl til 23. apríl. Rætt um að halda mótið aftur í Þorlákshöfn. BN, MI og DH taka málið áfram.
6	<u>Kennsla í framhaldsskólum</u> Fjölmargir framhaldsskólar hafa ákveðið að bjóða upp á bridgenámskeið á næsta ári. MI er í viðræðum við fleiri skóla sem enn gætu bæst við.
7	<u>Bridgeskólinn</u> Bridgeskólinn gengur vel. Nokkur námskeið eru fram undan og hefur skráning almennt verið mjög góð. Einnig hafa verið haldin námskeið á Akureyri og í Þorlákshöfn og ágæt þátttaka þar líka.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
8	<p><u>Bridgekvöld nýliða</u></p> <p>Inda mun sjá um bridgekvöld nýliða sem verða haldin á mánudögum og eru ætluð fyrir þau sem hafa nýlokið byrjendanámskeiðum í Bridgeskólanum.</p> <p>Inda heldur einnig utan um ungmennahóp sem er að taka á sig fína mynd.</p>
9	<p><u>Fjárhagurinn</u></p> <p>MI fór almennt yfir fjárhag sambandsins. Staðan er almennt ágæt. Mót á vegum sambandsins eru aftur farin að skila hagnaði.</p>
10	<p><u>Fjárfestingaráætlun</u></p> <p>Spilabakkar eru orðnir gamlir og lúnir svo ástæða er til að panta nýja bakka. Einnig er þörf á annarri spilagjafa-vél en nú er bara ein virk vél. MI og BN athuga með fjármögnun á þessum atriðum.</p> <p>Uppþvottavélin í Síðumúla er einnig orðin léleg og er þörf á að kaupa nýja. MI og BN skoða málið áfram.</p> <p>BN greindi frá því að stefna Reykjavíkurborgar og ríkisins sé að útbúið verði húsnæði innan nokkurra ára sem ætlað verður sérstaklega fyrir hugaríþróttir. Hugmyndin er að Skáksambandið og Bridgesambandið geti bæði flutt í þetta nýja húsnæði.</p>
11	<p><u>Árþing 2023</u></p> <p>Ákveðið að halda árþingið sunnudaginn 2. apríl í framhaldi af lokadegi undanúrslita Íslandsmótsins í sveitakeppni. GBH benti á að boða þarf til árþings með meira en þriggja vikna fyrirvara.</p>